



Borgarráð

Sæmundargata 23, úthlutun lóðar og sala byggingarréttar.

Lagt er til að borgarráð samþykki að úthluta Háskóla Íslands ehf. kt. 600169-2039, vegna Vísindagarða Háskóla Íslands ehf., kt. 420102-2350, lóðinni við Sæmundargötu 23, landnúmer 220418, samtals 5671 ferm að stærð. Úthlutun þessi er gerð á grundvelli samkomulags Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands sem staðfest var af borgarráði dags. 17.9.2013. Á lóðinni er byggingarréttur fyrir 10.125 ferm. atvinnuhúsnæði ofanjarðar og 4.995 neðanjarðar. Gatnagerðargjald fyrir byggingarréttinn miðast við gjaldskrá í september 2017 og er það kr. 197.913.375 ofanjarðar miðað við 10.125 ferm. hús og kr. 9.763.727 miðað við 4.999 ferm. bílakjallara. Samtals er gatnagerðargjaldið kr. 207.677.102,-. Deiliskipulagið var auglýst í b-deild stjórnartíðinda þann 2. desember 2016.

Greiðsluskilmálar sem Háskóli Íslands nýtur skv. samkomulaginu er ekki unnt að framselja. Engin lóðarleiga greiðist til Reykjavíkurborgar en greiða skal fasteignagjöld eins og lög kveða á um. Vísindagörðum Háskóla Íslands er heimilt að framselja lóðaúthlutun þessa til Félagsstofnun stúdenta., kt. 540169-6249, sbr. samning þess efnis dags. september 2017 sem framselt hefur byggingarrétt sinn áfram til Félagsstofnun stúdenta, kt. 540169-6249, Sæmundargötu 4, Reykjavík sbr. samning þess efnis dags. september 2017. **Með úthlutun þessari heimilar borgarráð það framsal.** Ber nýr lóðarhafi sömu skyldur og nýtur sömu réttinda og Háskóli Íslands vegna Vísindagarða Háskóla Íslands að frátöldum ofangreindum frávikum vegna greiðsluskilmála gatnagerðargjalds og greiðslu lóðarleigu. Er Háskóla Íslands eða Vísindagörðum heimilt að áskilja sér lóðarleigu við framsal lóðarleigusamnings. Í samkomulagi Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar sem er staðfest 17. september 2013 í borgarráði er kveðið nánar um skyldur Háskólans til reksturs lóðanna innan Vísindagarða reits sem samþykkt deiliskipulag afmarkar. Reykjavíkurborg tekur þátt í kostnaði við gerð hluta af inngötum/stígum á reitnum til jafns við Háskólann. Í samkomulaginu er enn fremur getið um skyldur Háskólans við færslu lagna, kostnað Reykjavíkurborgar við færslu Sæmundargötu og um skyldur Háskólans við framkvæmdir vegna jarðvegisdýpis.

Greiðsla gatnagerðargjalds skal inna af hendi 45 dögum eftir að dagsetningu á tilkynningu til lóðarhafa um úthlutun þessa.

Verði samþykkt byggingarleyfi fyrir stærra húsi á lóðinni en sem nemur þeirri viðmiðunarstærð sem tilgreind er fyrir hverja lóð fyrir sig, skal greitt viðbótargatnagerðargjald samkvæmt þeirri gjaldskrá sem þá gildir.

Tengigjald fráveitu er greitt skv. gjaldskrá Veitna fyrir lóðina.

Ef vanskil verða á greiðslu gatnagerðargjalds getur borgarráð afturkallað úthlutun lóðar, sbr. grein 1.14. í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum samþykktum í borgarráði 13. júní

2013. Gerður verður lóðaleigusamningur um lóðina þegar gatnagerðargjöld hafa verið greidd. Verður hann gefinn út á Háskóla Íslands vegna Vísindagarða Háskóla Íslands.

Í lóðarleigusamningi skulu koma fram skilmálar sem gilda um uppbyggingu á reitnum. Byggingarframkvæmdum skal lokið innan þriggja ára frá því að henni var úthlutað. Ákvæði almennra framkvæmdaskilmála Reykjavíkurborgar samþykktir af borgarráði 13. júní 2013 víkja fyrir þessum ákvæðum um framkvæmdatíma. Andvirði byggingarréttar og lóðarleigu sem Vísindagarðar Háskóla Íslands öðlast við framsal byggingarréttar og lóðarréttinda skal renna til Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. og nýtast til uppbyggingar á lóðinni, háskólasvæðisins í heild, nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi.

Athygli er vakin á því, að stærð og lega lóðar getur breyst og verður gerð grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mæliblaði. Lóðin er byggingarhæf.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda um lóðina tilvitnaðir almennir lóða og framkvæmdaskilmálar frá 13. júní 2013 og deiliskipulagsskilmálar fyrir lóðir við Vísindagarða. Skilmálar þessir eru aðgengilegir á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Drög að samkomulagi milli Félagsstofnunar stúdenta og Vísindagarða Háskóla Íslands ehf., dags. september 2017.

SAMNINGUR ÞESSI („samningurinn“) er gerður hinn xx. sept 2017 á milli eftirtalinna aðila:

- (1) Félagsstofnunar stúdenta, kt. 540169-6249, Sæmundargötu 4, 101 Reykjavík („FS“); og
- (2) Vísindagarða Háskóla Íslands ehf., kt. 420104-2350, Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík („VHÍ“).

Hér eftir er einnig vísað til FS og VHÍ sameiginlega sem „aðila“.

Inngangur:

- (A) Félagsstofnun stúdenta er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri fjárhagsábyrgð. FS var stofnuð með lögum nr. 33/1968 og tók formlega til starfa 1. júní sama ár. Aðild að stofnuninni eiga allir skrásettir stúdentar við Háskóla Íslands, Háskóli Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytið. Eitt af verkefnum FS er að leigja stúdentum við Háskóla Íslands hentugt og vel staðsett húsnæði af ýmsum stærðum og gerðum á sanngjörnu verði.
- (B) VHÍ er félag í eigu Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar. Verkefni VHÍ er að byggja upp nýsköpunarsamfélag á háskólasvæðinu í samvinnu við Háskóla Íslands, stofnanir, framsækin fyrirtæki, frumkvöðla og stjórnvöld. Tilgangur félagsins er að efla vísindarannsóknir og nýsköpun með því að skapa kjöraðstæður til slíks í vísindagörðum á lóð Háskóla Íslands.
- (C) Á Vísindagörðum Háskóla Íslands er íbúðarhúsnæði fyrir stúdenta í Oddagörðum sem er í eigu FS. Þetta framboð á leiguhúsnæði fyrir stúdenta er mikilvægt fyrir uppbyggingu Vísindagarða sem er blönduð byggð þar sem einstaklingar geta starfað, stundað nám, búið og notið frístunda. Með þessum samningi er haldið áfram á sömu braut með því að bjóða upp á húsnæði sem mun nýtast námsmönnum við Háskóla Íslands, hvort sem þeir eru í grunnnámi eða lengra komnir í námi.
- (D) Jarðvegsframkvæmdir hófust á lóðinni nr. 23 við Sæmundargötu sumarið 2017 og byggingarframkvæmdum verði að fullu lokið á fyrri hluta árs 2020. Á lóð Vísindagarða er heimilt að byggja íbúðarhúsnæði fyrir námsmenn með tilheyrandi sameiginlegri aðstöðu sem styður starfsemi sem verður í húsnæðinu. Ekki verður vikið frá þessum kvöðum nema með samþykki VHÍ.

- (E) FS mun annast framkvæmd og bjóða út framkvæmdir í samvinnu við VHÍ og Reykjavíkurborg. Útboðsgögn hafa þegar verið afhent fjórum völdum aðilum vegna alútboðssamkeppni og samið hefur verið við verktaka um jarðvegsframkvæmdir.
- (F) Reistur verður bílakjallari undir húsinu og verður hann í eigu FS að einum þriðja hluta og VHÍ að tveimur þriðju hlutum. Samningur þessi kveður nánar á um réttindi, skyldur og kvaðir sem tengjast byggingarframkvæmdum vegna bílakjallarans, reksturs, forkaupsréttar og forleiguréttar. FS reisir allar hæðir ofan jarðvegsyfirborðs.
- (G) Með vísan til alls framangreinds hafa aðilar komist að samkomulagi um að gerður verði eftirfarandi samningur um meginskilmála sem gilda skulu um lóðarréttindi og fyrirhugaðar framkvæmdir á lóðinni að Sæmundargötu 23, Reykjavík.

1. BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

- 1.1** Aðilar eru sammála um að FS skuli reisa byggingu á lóðinni sem stendur við Sæmundargötu 23 í samræmi við ákvæði samnings þessa. Mun FS koma fram sem verkkaupi gagnvart verktökum og öðrum aðilum í þessu skyni. Gert er ráð fyrir að á lóðinni rísi bygging sem verður 10.125 fermetrar að stærð eða hámark þess sem deiliskipulag heimilar, auk bílakjallara.
- 1.2** Framkvæmdir hófust sumarið 2017. Á fylgiskjali 1 koma fram tímaáætlanir um hvernig staðið verður að undirbúningi og framkvæmdum við fyrirhugaða byggingu á lóðinni.
- 1.3** FS mun bera ábyrgð á frumhönnun hinnar nýju byggingar í nánu samráði við VHÍ. Byggingaraðili sem samið verður við um að reisa húsið á grundvelli alverktöku mun annast alla aðra hönnun og bera ábyrgð á henni gagnvart FS sem verkkaupa.
- 1.4** FS mun greiða kostnað við að reisa húsið, að því undanskyldu að VHÍ greiðir kostnað fyrir sinn hluta af bílakjallara. Verður hlutur VHÍ í kostnaði við bílakjallara tveir þriðju hlutar heildarkostnaðar og skiptist eignarréttur að bílakjallara í sömu hlutföllum. Sætir þessi kostnaðarskipting þeim takmörkunum að kostnaður VHÍ reiknast sem hlutfall af þeim viðbótarkostnaði sem hlýst við að byggja bílakjallara undir húsinu, þ.e.

kostnaði sem er umfram þann kostnað sem áætlaður er að hefði orðið við jarðvinnu, byggingu sökkuls og annars kostnaðar, ef ákveðið hefði verið að byggja ekki bílakjallara undir húsinu. Greiðir VHÍ því tvo þriðju hluta þess viðbótarkostnaðar sem hlýst af því að byggja bílakjallara. Þessi kostnaðarskipting skal koma fram í kostnaðaráætlun sem er í fylgiskjali nr. 2, en þar kemur fram að verktaki skuli halda sérgreindum kostnaði við að reisa bílakjallara. Telji FS eða VHÍ að kostnaður vegna bílakjallara sé óeðlilega hár/lár, skal kalla til óháðan aðila frá verkfræðistofu sem ekki hefur haft aðkomu að málinu. Skal sá aðili koma með tillögu að verði, horft til allra bygginga- og jarðtækniforsendna. Skulu báðir aðilar vera bundnir þeirri tillögu.

1.5 VHÍ greiðir FS sinn hluta kostnaðar samkvæmt framvindu verks og með hliðsjón af áætlun sem lögð er fram í upphafi verks. Aðilar geta komið sér saman um að VHÍ greiði FS kostnaðinn í lok verks og miðast greiðslan þá við raunverulega kostnað að viðbættri hækkun á byggingarvísitölu frá því reikningar vegna framvindu hafa verið samþykktir og greiddir.

1.6 Ef FS og VHÍ koma sér saman um að VHÍ hafi allan bílakjallarann til umráða, þótt FS eigi þriðjung hans, þá skal VHÍ bera allan kostnað af rekstri hans og fá tekjum af honum ef einhverjar verða.

1.7 FS mun annast um og fjármagna framkvæmdir við fyrirhugaða byggingu á lóðinni og bera allan kostnað af rekstri hennar og lóðarinnar á meðan framkvæmdum stendur. FS og VHÍ munu greiða opinber gjöld, s.s. fasteignaskatt, holræsagjald, sorpgjald og gatnagerðargjöld í hlutföllum við eignarhlut hvors aðila. FS og VHÍ munu gera eignaskiptayfirlýsingu um bygginguna í samræmi við ákvæði laga um fjöleignarhús og stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli þeirra.

2. SAMNINGUR UM LÓÐARLEIGU OG BYGGINGARRÉTT

2.1 Að undangenginni úthlutun Reykjavíkurborgar á lóðinni að Sæmundargötu 23, til samræmis við samkomulag Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Vísindagarða Háskóla Íslands ehf., dags. 2. mars 2016, munu VHÍ með samningi þessum afsala sér tilkalli til lóðarinnar, öllum lóðarleiguréttindum og byggingarrétti að byggingu sem mun rísa á lóðinni Sæmundargötu 23. Lóðarafnotin veita FS heimild til þess að fá umráð lóðar ásamt rétti til að reisa á henni og eiga byggingu í samræmi við ákvæði samnings þessa, þó

með þeim takmörkunum að tveir þriðju bílakjallara verður í eigu VHÍ. Formleg lóðarafhending skal fara fram innan viku frá því FS óskar eftir henni með skriflegri beiðni til VHÍ. Tímasetning á afhendingu lóðarinnar að Sæmundargötu 23 skal staðfest á milli aðilanna með afhendingarskírteini.

2.2 Í framsali lóðarafnota mun hvorki felast sameignarhlutdeild í Vísindagörðum Háskóla Íslands né bein aðild að lóðarleigusamningi VHÍ og Háskóla Íslands. FS sem lóðarhafi mun bera kostnað af þeim hluta lóðarinnar sem fer undir byggingar á lóðinni að Sæmundargötu 23.

2.3 Lóðinni að Sæmundargötu 23 munu fylgja ákvæði gildandi deiliskipulags, mæliblaðs fyrir lóðina, skilmálar sem fram koma í samkomulagi Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands, dags. 17. september 2013, skilmálar samkvæmt lóðarleigusamningi sem Háskóli Íslands og VHÍ munu gera með sér um lóðina, kvaðir samkvæmt fyrirhuguðu úthlutunarbréfi lóðar og fyrirhugaðri samþykkt borgarráðs og kvaðir og skilmálar sem fram koma í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum Reykjavíkurborgar, sem samþykktir voru í borgarráði þann 13. júní 2013.

2.4 FS er skylt að ganga að fullu frá lóð samkvæmt skipulagsuppdætti og deiliskipulagi. FS er skylt að halda byggingunni vel við þannig að sómi verði af og aðrir lóðarhafar í Vísindagörðum þurfi ekki að hafa ama af lélegu viðhaldi. Sinni FS ekki slíku viðhaldi er VHÍ heimilt að láta framkvæma slíkt viðhald á kostnað FS.

3. Greiðslur fyrir lóðarleigu

3.1 FS greiðir VHÍ enga leigu fyrir lóðarréttindin og er það í samræmi við ákvæði samninga um Oddagarða.

3.2 Afhending lóðar án endurgjalds er háð nánari skilyrðum um sérstök ákvæði í samningi milli aðila um forgang meistara- og doktorsnema að stúdentaíbúðum samkvæmt ákvæðum í samningi sem aðilar hafa komið sér saman um að gera.

4. FORKAUPSRETTUR OG KAUPRETTUR VHÍ

4.1 FS er ekki heimilt að framselja réttindi sín skv. samningi þessum eða byggingu, sem rísa mun á lóðinni að Sæmundargötu 23, nema með skriflegu

samþykki VHÍ. Selji FS fyrirhugaða byggingu á lóðinni skal VHÍ eiga forkaupsrétt að byggingunni eða hluta hennar, hvort sem það er bílakjallari, íbúðahúsnæði stúdenta eða sameiginleg rými. Forkaupsréttur VHÍ verður áfram virkur við framsal, þótt VHÍ nýti hann ekki þegar hann er boðinn, þ.e. VHÍ hefur áfram forkaupsrétt vegna síðari sölu á byggingarrétti og/eða byggingu á lóðinni að Sæmundargötu 23. Þinglýsa skal á fasteignina kvöð um forkaupsrétt VHÍ.

4.2 FS skal tilkynna VHÍ skriflega og með sannanlegum hætti ef FS samþykkir kauptilboð eða gerir kaupsamning um byggingarrétt og/eða byggingu á lóðinni að Sæmundargötu 23. Söluverð og aðrir skilmálar skulu tilgreindir á tæmandi hátt í forkaupsréttartilboði og með forkaupsréttartilboði skal fylgja afrit af kauptilboði eða kaupsamningi þeim sem VHÍ er boðið að ganga inn í. Ef um er að ræða makaskipti skal tilgreina í forkaupsréttartilboði hversu hátt hin framboðnu réttindi eru metin til peningaverðs og skal miðað við þá fjárhæð þegar forkaupsréttarverð er ákveðið. VHÍ skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan 45 daga frá því eigandi byggingarréttar og/eða byggingar býður VHÍ, skriflega og sannanlega, að neyta forkaupsréttar síns. Vanræki VHÍ að svara innan þess tíma, hefur VHÍ glatað í það sinn rétti sínum til að neyta forkaupsréttar. Um forkaupsréttinn gilda annars ákvæði 9. gr. laga nr. 40/2002 um fasteignakaup.

4.3 Forkaupsréttur VHÍ, sbr. grein 4.2, skal einnig virkur við sölu á a.m.k. 50% á félagi sem á fasteignina á lóðinni Sæmundargötu 23, enda sé fasteignin eða byggingarrétturinn þá talin helsta eign félagsins. Þetta gildir þó ekki um sölu hlutfjár til félags í eigu sömu aðila eða félags sem seljandi á meirihluta í. Til áherslu er hér verið að koma í veg fyrir að FS (eða síðari eigendur) selji fasteignina án kaupsamnings til þess að koma í veg fyrir beitingu forkaupsréttar eða kaupréttar.

4.4 Við sölu FS á réttindum sínum öðlast kaupandi öll þau réttindi og undirgengst allar þær skyldur sem FS hefur samkvæmt samningi þessum og samningum gerðum samkvæmt honum. Þannig verður forkaupsréttur VHÍ áfram virkur gagnvart öllum síðari kaupendum lóðarréttinda, byggingarréttar og/eða byggingar.

4.5 Á meðan byggingarframkvæmdir standa yfir sem miðast við að upphaf framkvæmda sé 1. desember 2017 og á sjö ára tímabili eftir að þeim lýkur á VHÍ kauprétt á þriðjungs hlut FS í bílakjallara og skal verðið vera uppreiknað

kostnaðarverð sem VHÍ greiðir, eins og það er skilgreint í grein 1.4 í samningi þessum, að viðbættri breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar eins og Hagstofa Íslands reiknar hana.

5. FORLEIGURÉTTUR

- 5.1** VHÍ hefur forleigurétt að byggingunni verði hún leigð að hluta eða í heilu lagi í samræmi við almennar reglur. Forleigurétturinn er einungis virkur við leigu á 25% eða meira af byggingunni til annarra en stúdenta við Háskóla Íslands. Forleiguréttur skv. leigusamningi skal hverju sinni boðinn skriflega VHÍ. VHÍ skal gefa FS svar við því, innan 45 daga frá því VHÍ fær eintak af leigusamningnum, hvort félagið vill nýta forleigurétt að hinu leigða, með þeim kjörum sem fram koma í leigutilboði. Hafi svar ekki borist innan tilgreinds tíma, telst félagið hafa hafnað forleigurétti sínum í það sinn. Forleiguréttur VHÍ fellur ekki úr gildi við sölu á byggingunni.
- 5.2** Forleiguréttur VHÍ gildir um bílakjallara, þ.e. VHÍ á forleigurétt að bílakjallara og skulu sömu ákvæði gilda um þá forleigu og kveðið er á um í grein 5.1 í þessum samningi með þeim takmörkunum að engin stærðarviðmið gilda um það hvenær forleigurétturinn virkjast.

6. REKSTRARFÉLAG

- 6.1** Samkvæmt samkomulagi dags. 2. mars 2016 annast Reykjavíkurborg um rekstur viðhald og umhirðu gatna og stíga á svæði Vísindagarða eins og um borgargötur séu að ræða. Bundinn byggingarreitur afmarkar þann hluta séreignar sem ekki fellur undir sameiginleg svæði skv. samningi þessum. Inngötur, gangstéttir, torg og stígar á Vísindagarðalóðinni teljast sameiginleg svæði þó að þau fylgi einstaka séreignum innan Vísindagarðalóðarinnar. Um Rekstrarfélag Vísindagarða gilda sérstakar samþykktir, en markmið Rekstrarfélagsins er rekstur á sameiginlegum svæðum sem eru undanskilin samkomulagi við Reykjavíkurborg. Rekstrarfélagið gætir hagsmuna fyrirtækja og stofnana sem eru með starfsemi í Vísindagörðum og ná fram hagræði þar sem því verður við komið, t.d. vegna almenns rekstrar mannvirkja, viðhalds o.fl. VHÍ er í samþykktum tryggð aðkoma að stjórn Rekstrarfélagsins. Sameiginleg svæði og lóð Vísindagarða lúta samþykktum Rekstrarfélagsins og notkun þeirra, viðhald og annað er þeim tengist er háð ákvörðunum þess.
- 6.2** Eigendur séreigna greiða allan kostnað vegna reksturs séreigna sem unnt er að sérgreina. Eigendur skulu alfarið annast og kosta allt viðhald séreigna sinna, enn fremur að annast viðhald á öllum lögnum og lagnakerfum innan

séreignarinnar. Eigendur séreigna og leigjendur í Vísindagörðum Háskóla Íslands skulu greiða hlutdeild í sameiginlegum viðhalds- og rekstrarkostnaði vegna sameiginlegra svæða og lóðar, sem telst eðlilegur með tilliti til nýtingar, slits og almenns rekstrar lóðar. Hlutfall hvers aðila af heildarútgjöldum reksturs sameiginlegra svæða skal áætlað í samræmi við eignaskiptayfirlýsingu húsnæðis. Eigendur séreigna ábyrgjast greiðslur leigjenda sinna á sameiginlegum viðhalds- og rekstrarkostnaði vegna sameiginlegra svæða og lóðar. FS er undanþegin ákvæðum um greiðslu í rekstrarfélag og á það við um bygginguna að Sæmundargötu 23 og Oddagarða.

6.3 Sameiginleg svæði og lóð Vísindagarða lúta samþykktum Rekstrarfélagsins og öll notkun þeirra, viðhald og annað er þeim tengist er háð ákvörðunum Rekstrarfélagsins. Sérstakar samskiptareglur Rekstrarfélagsins gilda um notkun eigenda séreigna og leigutaka á húsnæði í Vísindagörðum. FS hefur kynnt sér drög að samskiptareglurnar.

6.4 FS sem lóðarhafi skuldbindur sig til að fara eftir fyrirmælum Rekstrarfélagsins um notkun sameiginlegra svæða og lóðar.

6.5 Skuldbindingar FS gagnvart Rekstrarfélaginu eru háðar þeim fyrirvara að aðrir lóðarhafar í Vísindagörðum undirgangist sambærilegar skuldbindingar gagnvart því.

7. FASTEIGNASKATTUR OG FASTEIGNATENGÐ GJÖLD

FS sem lóðarhafi greiðir fasteignaskatt, gatnagerðargjald, holræsagjald, vatnsgjald, sorpgjald og önnur sambærileg gjöld af séreign sinni og sameign og lóð í samræmi við eignaskiptayfirlýsingu.

8. VÁTRYGGINGAR

FS sem lóðarhafa er skylt að kaupa og viðhalda öllum lögboðnum og venjubundnum tryggingum vegna byggingarinnar, þ.m.t. brunatryggingu og húseigendatryggingu.

9. KOSTNAÐUR

Hvor aðili um sig skal bera kostnað af samningagerð vegna samnings þessa og samninga sem kunna að vera gerðir á grundvelli hans. FS skal annast um og kosta þinglýsingu á öllum skjölum sem þinglýst verða á grundvelli samnings þessa.

10. BREYTINGAR OG VIÐBÆTUR VIÐ SAMNINGINN

Hverskyns breytingar og viðbætur við samning þennan skulu vera skriflegar og samþykktar af báðum aðilum. Breytingum skal þinglýst á sama hátt og samningnum sjálfum.

11. TRÚNAÐUR

Aðilum er heimilt að greina opinberlega frá ákvæðum þessa samnings og eru engin trúnaðarákvæði í samningnum.

12. SKILYRÐI

12.1 Samningur þessi og samningar sem gerðir kunna að vera á grundvelli hans, eru gerðir með fyrirvara um fyrirhugaða úthlutun lóðarinnar frá Reykjavíkurborg til Háskóla Íslands vegna VHÍ.

12.2 Samningur þessi og samningar sem gerðir kunna að vera á grundvelli hans eru gerðir með fyrirvara um samþykki stjórna VHÍ og FS.

13. LÖG OG LÖGSAGA

13.1 Um samning þennan gilda íslensk lög.

13.2 Komi til ágreinings á milli aðila um túlkun eða efndir samningsins eða annarra samninga sem byggðir verða á honum, skulu aðilar reyna eftir fremsta megni að jafna þann ágreining sín á milli. Gangi það ekki eftir skulu ágreiningsmál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

-Undirskriftasíða fylgir-

Til staðfestingar ofangreindu er undirritun aðila samning þennan á þeirri dagsetningu sem fram kemur fremst í samningi þessum:

f.h. Félagsstofnunar stúdenta ses.

f.h. Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.

Vottar að réttri dagsetningu
og undirskrift aðila:

Fylgiskjal 1
Tímaáætlun framkvæmda

Fylgiskjal 2
Kostnaðaráætlun

Fylgiskjal 3
Samskiptareglur Rekstrarfélags Vísindagarða